

**Fundargerð 7. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 22. ágúst 2013, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Magnús Stefánsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Berglind Kristinsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Júlíus J. Jónsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Sverrir Guðmundsson (jarðeðlisfræðingur)

**1. Hugmynd að þjónustuhúsi við Reykjanesvíta**

Umræðu frestað.

**2. Heimsókn úttektaðila 20.-24. júní sl.**

Rætt um heimsókn úttektaðila frá EGN 20.-24. júní sl. og viðbrögð við þeim ábendingum sem komu fram í þeirra máli.

**3. Útgáfa bóka**

Eggert sagði frá viðræðum við Selmu Hrönn Maríudóttur um útgáfu barnabókar um svæðið.

**4. Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða**

Rætt um skýrslu Ferðamálastofu "Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða - Yfirlit yfir gjaldtökuleiðir" og hugmyndir um stofnun aðgengissjóðs á Reykjanesi. Stjórnin telur mikilvægt að hvaða útfærsla verður fyrir valinu þá fái bæði fjármagn til uppbyggingar og rekstrar.

**5. Staða fjármála og rekstrarárið 2014**

Rætt um stöðu fjármála jarðvangsins og rekstur á árinu 2014.

**6. Samskipti við Hafnarfjörð**

Róbert sagði frá fundi með bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði 21. ágúst sl. Hafnarfjarðarbær hefur áhuga á verkefninu með því skilyrði að fá mann í stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Fundargerð ritaði: ESJ

  
  
  
  
  


  
